

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. gr. samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 22.100 og kr. 13.200 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að sorpgjald fristundahúsa verði kr. 8.350.

Fyrir hvert aukasorpilát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 11.050.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2007.

Brotmálmar:	kr. 1.250 pr. m <sup>3</sup>
Brotmálmar:	kr. 5,00 pr. kg
Farartæki (losun á olfu, eldsneyti og kælivökva):	kr. 6.000 pr. stk.
Timbur:	kr. 1.000 pr. m <sup>3</sup>
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.):	kr. 700 pr. m <sup>3</sup>
Pappír (ekki bylgjupappi):	kr. 1.750 pr. m <sup>3</sup>
Blandað pressanlegt sorp:	kr. 1.900 pr. m <sup>3</sup>

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreint verð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta komið með allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 2. janúar 2008.*

**Páll S. Brynjarsson** sveitarstjóri.